Setrið

Fréttabréf Ferðaklúbbsins 4x4 Pósthólf 8948 128 Reykjavík
11. tbl. 8. árg. apríl 1997 Friðik St. Halldórsson

Næstu fundir

Reykjavík: Aðalfundur verður haldinn mánudaginn 5.mai að Hótel Loftleiðum kl **20,00.**

Fundarefni: Almenn aðalfundarstörf og önnur mál.

Suðurnesjadeild (Jeppavinafélagið) Aðalfundur verður þriðjudaginn 6 maí kl:20,30 í Stakkshúsinu

Fundarefni: Almenn aðalfundarstörf og önnur mál.

Vesturlandsdeild: Fundur verður haldinn að Langasandi mánudaginn 13 mái kl 20,30

Fundarefni:.

Vestfjarðadeild: Næsti fundur verður fimmtudaginn 10. apríl.húsi HSSÍ, Hjallavegi 11.

Fundarefni:

Húnvetningadeild: Fundur kl: 20,30 í Hjálparsveitarhúsinu.fimmtudaginn 10. apríl

Fundarefni:. Almenn aðalfundarstörf og önnur mál.

Skagafjarðadeild: Aðalfundur verður þriðjudaginn 6 maí í kaffistofu Mjólkursamlagsins kl. 20,00

Fundarefni: Almenn aðalfundarstörf og önnur mál.

Eyjafjarðadeild: Aðalfundur verður haldinn þriðjudaginn 6 maí að Furuvöllum 3 kl. 20,00

Fundarefni:

Húsavíkurdeild: Næsti fundur sunnudaginn 4 maí kl:20,00 út í Höfða.

Fundarefni: . Auk þess er fundur þann 20. apríl út í Höfða

Suðurlandsdeild: Aðalfundur í Tryggvabúð þriðjudaginn 6 maí kl 20,30.

Fundarefni:

Aðalfundur í Reykjavík 1997

Aðalfundur félagsins verður haldinn að Hótel Loftleiðum mánudaginn 5 maí nk. Formaður félagsins Oddur Einarsson gefur kost á sér til áframhaldandi starfa. Tveir stjórnarmenn ganga úr stjórn og verður að kjósa í þeirra stað. Auk þess verða ýmsar breytingar á nefndum félagsins.svo sem í skálanefnd , umhverfisnefnd og ritnefnd.

Menn sem áhuga hafa á stefnu klúbbsins og vilja hafa áhuga á gang mála eru hvattir til þess að mæta á fundinn.

Tillögur til lagabreytingar á aðalfundi.

Hér á eftir eru tillögu sem laganefnd hefur lagt fyrir að gerðar verði á lögum féalgsins vegna skálaeignar félagsins og deilda þess. Tillögur þessar ganga út það að félaginu sé tryggður sá réttur sem deildinar hafa ef þær verða lagðar niður.
verður haldinn í

Nýr kafli um slit og úrsögn félagsdeildar og meðferð eigna/réttinda.

(22.gr.)
Um slit og úrsögn félagsdeildar

Landsbyggðardeild sem staðfest hefur verið á aðalfundi sbr. 16.gr. verður því aðeins slitið/getur því aðeins sagt sig úr félaginu ef 2/3 hluti fullgildra félagsmanna í viðkomandi deild samþykkja tillögu þar um á félagsfundi sem boðaður hefur verið með amk. 7 daga fyrirvara með sannanlegu fundarboði til allra félagsmanna viðkomandi deildar svo og aðalstjórnar félagsins.

Fulltrúa aðalstjórnar skal heimilt að sitja fundinn og taka til máls en hann hefur þar ekki atkvæðarétt.

Fráfarandi stjórn landsbyggðardeildar skal tilkynna félaginu um úrsögn/slit félagsdeildar innan 7 sólahringa frá því ákvörðun var tekin á fundi.

Hafi engin starfssemi verið í landsbyggðardeild um 12 mánaða skeið skal litið svo á að deildinni hafi verið slitið. Um meðferð eigna og réttinda deildarinnar gilda þá ákvæði (23.gr) og (24.gr.)

(23.gr.)
Um meðferð eigna félagsdeildar við slit/úrsögn.

Ef landsbyggðardeild, sem staðfest hefur verið á aðalfundi sbr. 16.gr., er slitið eða hún segir sig úr Ferðaklúbbnum 4X4, sbr. (22.gr.), skal viðkomandi deild innan 4 vikna frá ákvörðun um slit/úrsögn endurgreiða félaginu að fullu alla þá styrki/greiðslur sem deildin hefur fengið frá félaginu auk vísitöluhækkunar.

Greiði landsbyggðardeild ekki skv. 1.mgr. er félaginu heimilt að yfirtaka allar þær eignir landsbyggðardeildar sem félagið kýs þ.á.m. félagsaðstöðu og gistiskála.

(24.gr.)
Um leigu- og afnotasamninga landsbyggðardeildar.

Ef landsbyggðardeild, sem staðfest hefur verið á aðalfundi sbr. 16.gr., er slitið eða hún segir sig úr Ferðaklúbbnum 4X4 er félaginu heimilt að ganga inn í alla þá afnota og/eða leigusamninga sem viðkomandi landsbyggðardeild hefur gert sem leigutaki og/eða afnotahafi.

Núverandi grein nr 22 verður 25 og 23 verða 26.

Uppskeruhátíð

Ferðanefnd hefur ákveðið að halda uppskeruhátíð Sprengisandsferðar í Reykjavík fyrir alla þátttakendur og maka þeirra sem fóru í ferðina þann 9 maí nk. Salur Ferðafélagsins í Mörkinni 6 (kjallarinn) hefur verið verið leigður undir þessa uppákomu. Boðið verður upp á léttar veitingarSal ferðafélagsins. Husið opnar hl 21,00
FH redda hljómsveit
koktell
skemmtiartiði. frá hópum
menn hvattir til að taka eiginkonur (maka)
Frítt inn.
Leigður verður salur og diskótek og haldið upp á ferðalokin. Nánar veður skýrt frá tilhögun síðar.

Sumarhátið fjölskyldunnar.

Jeppadagur fjölskyldunnar

Sú hugmynd hefur vaknað að halda jeppadag fjölskyldunnar hér í Reykjavík með stæl nú í apríl. Fréttir hafa borist af því að stjórn félagsins sé að skoða þessi mál og verða þau líklega rædd á næsta fundi. Gera má ráð fyrir mikilli þátttöku eða um 500 til 1000 bílar.

Fréttir af deildum.

Reykjavík:. sumarferðir haldin 18 til 20 júli, á Suðurlandi. Menn hvattir til að taka frá þessa helgi.

Heimasíða í vinnslu kynnt síðar

Suðurnesjadeild (Jeppavinafélag Suðurnesja):

Vesturlandsdeild:

Vestfjarðadeild:.

Skagafjarðadeild:

Eyjafjarðadeild:

Heimasíða Eyjafjarðardeildar http:\\rvikisment.is/~gretar/eydeild.htm.

Húsavíkurdeild:

Suðurlandsdeild:

Auglýsingar

TIL SÖLU:

Til sölu:

Dana 44 afturhásing undarn Wagoneer 73. með 4,10 hlutfalli. Auk þess legursett í Dana 300 millikassa (nýtt)
Selst hvort tveggja ódýrt.
uppl s:482 3010 og 852 6059 Kjartan

Til sölu:

Tvö stk Bf-Goodrich 35*12,5*16,5 tæplega hálf slitin.
uppl s:557-9844 Þórarinn

Til sölu:

4 stk 36” DC dekk á 15*12” felgum (slitin), auk þess loftdæla (AC) m/ bracketi (orginal) fyrir Toyota 4cyl (22R)
uppl h 567 5606 v 581 2166 Valdimar

Til sölu:

Framhásing undan Toyota IFS (7,5”) fyrir 1987 og yngra. Nýlegt 5.29:1 drifhlutfall í henni.
uppl. í s:567-1845 Friðrik St.

ÓSKAST TIL KAUPS

Óska eftir:

Ritnefnd

Friðrik St. Halldórsson Hs: 567-1845, Ríkarður Sigmundsson Hs: 561-1514,fax 562-2140 Björn Baldvinsson Hs: 557-6739/Vs: 898-1603 e mail bj@mmedia.is

Þeir sem óska eftir að koma auglýsingu í Setrið þá myndsendir 587 2345

Ferðaklúbburinn, 4x4 Mörkin 6, sími og myndsendir 568-4444
Munið opna húsið fimmtudagskvöld að Mörkinni 6 kl.20:30